



Mýrdalshreppur

Lýsing aðalskipulagsverkefnis

Breyting á aðalskipulagi Mýrdalshrepps

2012-2028

Breyttur landnotkunarflokkur við Suðurvíkurveg
Maí 2013

1 Tilgangur og forsendur skipulagsbreytingar

1.1 Aðstæður og efni breytingarinnar

Lögð er til breyting Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028. Leikskólinn sem rekinn var í gömlu íbúðarhúsnæði við Suðurvíkurveg hefur verið lokað og óskað er eftir að reka þar veitingahús sem myndi samræmast betur landnýtingarflokki „Verslun og þjónusta“ en núverandi landnotkunarflokki „Þjónustustofnun“. Um er að ræða stakstætt hús á lóð sem ekki á mörk að íbúðabyggð en slökkvilið bæjarins er í næsta húsi. Handan Suðurvíkurvegar eru tvær íbúagötur, núverandi byggð og fyrirhuguð byggð fyrir 9 sérbýlishús.



Mynd 1 Staðsetning reitsins sem hugmyndir um breytingar ná til er auðkennd með rauðum hring.

Reiturinn sem um ræðir fengi auðkennið V26 Verslun og þjónusta við Suðurvíkurveg en svæði fyrir þjónustustofnanir, Þ2 - Leikskólasvæði verði fellt út.

- ▶ Úr töflu 5.1 í kafla 5.2 falli út eftirfarandi:
 - > Þ2 Leikskólasvæði – Leikskólinn er í fyrrum íbúðarhúsi.
 - ▶ Við töflu 2.4 í kafla 2.4 bætist eftirfarandi:
 - > V26 Verslun og þjónusta við Suðurvíkurveg – Veitingahús og önnur þjónusta
- Stærð lóðar: 0,115 ha N: 0,3

1.2 Forsendur

Leikskólanum hefur verið lokað sem raunar er í samræmi við stefnumörkun Aðalskipulagsins um menntamál (kafla 5.3) um að skólastigin þrjú skuli færast undir eitt þak.

Í stefnumörkun Aðalskipulagsins að framtíðaratvinna muni að líkindum byggja mest á landbúnaði og þjónustu við ferðamenn. (Forsendur – Atvinna og landbúnaður) Þá segir um leiðarljós við aðalskipulagsvinnuna að stefnt sé að eflingu Mýrdalshrepps, með því að styrkja og efla núverandi byggð og atvinnu. (Forsendur – Viðfangsefni skipulagsins). Í umfjöllun um atvinnumál segir ennfremur um áherslur skipulagsins að ný atvinnusvæði, verslun og þjónusta, athafna- og iðnaðarsvæði, verði innan þéttbýlisins (Kafli 2). Jafnframt segir: Það hefur verið stefna sveitarfélagsins á undanförunum árum að stuðla að og styðja við vöxt í ferðaþjónustu og lengja þann tíma sem ferðaþjónusta stendur yfir.

Hluti af því er að [...] skapa svigrúm fyrir uppbyggingu þjónustu í þéttbýlinu og dreifbýlinu [...] Í stefnumótun Mýrdalshrepps er lögð áhersla á að ferðaþjónusta tengist náttúru og menningu svæðisins. (Kafli 2.4 - Ferðaþjónusta). Að lokum segir um landnotkun verslunar og þjónustu að sökum svæðin munu þróast og að því kunni þessum svæðum að fjölga á næstu árum. (Kafli 2.4-Verslun og þjónusta).



Mynd 1 Aðalskipulag í gildi



Mynd 2 Hugmynd að breytingu

2 Skipulagsferli

Lýsing þessi mun liggja frammi á bæjarstjórnarskrifstofum Mýrdalshrepps og vera kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins, www.vik.is. Efni hennar verður auglýst í Fréttablaðinu og Vitanum. Almennungur og hagsmunaaðilar fái fjórar vikur til að bregðast við lýsingunni

Í kjölfarið verður hafin forkynning með sama hætti og fyrr greinir á tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Að loknum fjórum vikum tekur sveitarstjórn afstöðu til framkominna athugasemda sem kunna að hafa borist og tekur ákvörðun um hvort auglýsa beri tillöguna óbreytta.

Tillagan fari þá í lögboðið auglýsingaferli með sex vikna fresti til að gera athugasemdir. Tillagan verður auglýst í Fréttablaðinu og Vitanum og liggur frammi á vefjum sveitarfélagsins og Skipulagsstofnunar ásamt bæjarskrifstofum.

Tekin verður afstaða til framkominna athugasemda og tekin ákvörðun um afgreiðslu innan tólf vikna frá degi auglýsingar og verði þá send Skipulagsstofnun til staðfestingar nema breytingar verði á tillögunni.